

**Nd.**

**424. Nefndarálit**

[130. mál]

um frv. til laga um málefni fatlaðra.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á fjölmörgum fundum og fengið um málið umsagnir frá eftirtöldum aðilum: menntamálaráðuneytinu, Landssamtökunum þroskahjálp, Öryrkjabandalaginu, svæðisstjórnnum um málefni þroskaheftra, Athugunar- og greiningardeildinni Kjarvalshúsi, Læknafélaginu, landlækni, Sambandi ísl. sveitarfélaga og fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Einnig komu á fund nefndarinnar Magnús Magnússon sérkennslufulltrúi, menntamálaráðuneytinu, Margrét Margeirsdóttir og Gunnar Rafn Sigurbjörnsson frá félagsmálaráðuneytinu, sem einnig skiluðu athugasemdum um einstakar greinar.

Við umfjöllun nefndarinnar um málið hefur það tafið afgreiðslu málsins, að í ljós kom að meiri háttar ágreiningur var uppi milli menntamálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis um IV. kafla frumvarpsins, sem snertir Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Vegna þessa ágreinings voru félagsmálaráðherra og menntamálaráðherra boðaðir á fund nefndarinnar.

Nefndin telur að með breytingartillögu, sem hún flytur á sérstöku þingskjali og kemur fram í ákvæði til bráðabirgða, sé sá ágreiningur eftir atvikum leystur.

Einstakir nefndarmenn höfðu einnig ýmsar efasemdir um þennan kafla, m. a. í ljósi umsagna sem bárust um málið.

Nefndarmenn kynntu sér með sérstakri heimsókn starfsemi Athugunar- og greiningardeildarinnar Kjarvalshúsi, sem varpaði skýru ljósi á nauðsyn greiningar- og ráðgjafarstarfsemi fyrir fatlaða, sem kveðið er á um í frumvarpinu.

Félagsmálanefnd mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingartillögum, sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Guðrún Helgadóttir tók þátt í afgreiðslu málsins í stað Guðmundar J. Guðmundssonar á tveim síðustu fundum nefndarinnar um málið.

Alþingi, 28. febr. 1983.

Jóhanna Sigurðardóttir,  
form., frsm.

Jóhann Einvarðsson,  
fundaskr.

Guðrún Helgadóttir.

Steinþór Gestsson.

Alexander Stefánsson.

Eggert Haukdal.

Fríðrik Sophusson.